

8. bekkur náttúrugreinar

Kennarar: Petra Landmark Guðmundsdóttir; Þorkell Logi Steinsson

Lýsing

Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyrna m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Námið fléttar saman efnisþætti náttúrugreina og viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu, vinnubrögð og gildi náttúrugreina, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og getu til aðgerða. Unnið verður eftir hæfniviðmiðum fyrir 8.-10. bekk í aðalnámsskrá grunnskóla, 2013. Á grundvelli þeirra hæfniviðmiða eru kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar.

Markmið

Markmiðið er að læra um lífríkið á jörðinni og helstu grunnhugtök í eðlisfræði. Fylgt verður markmiðum aðalnámsskrár.

Nemandi á að geta:

- framkvæmt og útskýrt sérhannaðar eða eigin athuganir úti og inni
- lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt
- beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingastigs
- gert grein fyrir eigin athugunum á lífverum, hegðun þeirra og búsvæðum,
- útskýrt krafta sem verka í daglegu lífi manna.

Námsefni

Lífheimurinn (litróf náttúrunnar).

Valið efni úr bókunum Eðlisfræði 1, 2 og 3.

verkefni frá kennara

Kennsluaðferðir

Bein kennsla

Innlögn

Sýnikennsla og sýnitilraunir

Verklegar æfingar

Vettvangsferðir

Umræðu- og spurnaraðferðir

Hópvinnubrögð

Samræðuaðferðir

Námsmat

Námsmat mun fara fram með símati: könnunum, verkefni og vinnuhefti.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

Náttúrugreinar verklag fyrir 8.-10.bekk - Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- Beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingsstigsins.

Náttúrugreinar verklag fyrir 8.-10.bekk - Vinnubrögð og færni

- Framkvæmt og útskýrt sérhannaðar eða eigin athuganir úti og inni.
- Lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt.

Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 8.-10.bekk

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 8.-10.bekk - Náttúra Íslands

- Gert grein fyrir eigin athugunum á lífverum, hegðun þeirra og búsvæðum.

Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 8.-10.bekk - Heilbrigði umhverfisins

- Útskýrt krafta sem verka í daglegu lífi manna.